

Útboðslýsing

Landsbréf – Öndvegisbréf

Fjárfestingarsjóður

Kt: 431212-9430

ISIN: IS0000022606

Rekstraraðili er Landsbréf hf.

Ágúst 2019

Efnisyfirlit

I. ALMENNT	3
II. UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN, REKSTRARFÉLAGIÐ OG VÖRSLUFYRIRTÆKIÐ	4
1. Rekstrarfélag.....	4
2. Vörslufyrirtæki.....	5
3. Um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða.....	5
4. Markmið og fjárfestingarstefna	6
5. Áhætta	8
6. Áhætta vegna notkunar á afleiðum	9
7. Fyrri árangur sjóðsins	10
III. AÐRAR UPPLÝSINGAR.....	11
1. Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina	11
2. Kaupgengi og innlausnarvirði.....	11
3. Mat eigna.....	12
4. Skattamál	12
5. Rekstrarkostnaður og annar kostnaður	13
6. Kaup og sala hlutdeildarskírteina.....	14
7. Ársreikningur og árshlutauppgjör.....	14
8. Reglur og reglulegar skýrslur.....	14
VIÐAUKI 1: REGLUR FYRIR LANDSBRÉF - ÖNDVEGISBRÉF	15

I. ALMENNT

Útboðslýsing þessi er gerð með vísan til 51. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Tilgangurinn er sá að koma á framfæri nauðsynlegum upplýsingum til að viðskiptavinum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóðsins Landsbréf - Öndvegisbréf.

Útboðslýsingin er samin af Landsbréfum hf. og er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir.

Til nánari glöggvunar eru hér stuttar skilgreiningar á orðum og hugtökum sem notuð eru í útboðslýsingunni.

Sjóður:	Landsbréf Öndvegisbréf, kt. 431212-9430 (hér eftir „Öndvegisbréf“ eða „sjóðurinn“), er fjárfestingarsjóður sem starfræktur er í samræmi við ákvæði í lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður og er ekki deildaskiptur.
Stofndagur:	22. nóvember 2012
Rekstrarfélag:	Landsbréf hf., kt. 691208-0520, Borgartúni 33, 105 Reykjavík, (hér eftir „Landsbréf“ eða „rekstrarfélagið“).
Vörslufyrirtæki:	Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík (hér eftir „Landsbankinn“ eða „vörslufyrirtækið“).
Söluaðili:	Landsbankinn
Starfsemi:	Hlutverk sjóðsins er að veita viðtöku fé frá fjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingastefnu.
Grunnmynt:	Grunnmynt sjóðsins er íslensk króna (ISK).
Innlausn:	Landsbréf eru á hverjum tíma skuldbundin til að innleysa hlutdeildarskírteini í sjóðnum að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir á innlausnardegi, eftir þeim reglum sem um innlausn gilda. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda sé frestunin almenn og taki til allra hlutdeildarskírteina.
Fjárhæðir:	Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini fyrir hlutdeild sjóðsfélaga á hverjum tíma. Lágmarkskaup í sjóðnum eru 5.000 kr. að söluvirði.
Réttindi:	Allir sem eiga hlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til eigna og tekna sjóðsins í hlutfalli við eignarhlutdeild sína í sjóðnum.
Upplýsingar:	Hægt er að nálgast þau gögn sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari á skrifstofu Landsbréfa, vefsíðu félagsins www.landsbref.is , afgreiðslustöðum Landsbankans og vefsíðu www.landsbankinn.is

II. UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN, REKSTRARFÉLAGIÐ OG VÖRSLUFYRIRTÆKIÐ

1. Rekstrarfélag

Landsbréf, sem er rekstrarfélag sjóðsins, var stofnað í desember 2008. Hlutfé Landsbréfa nemur kr. 35.000.000 kr. og er það allt greitt. Landsbréf eru dótturfélag Landsbankans.

Landsbréf annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við lög, ákvörðun stjórnar og reglur sjóðanna. Rekstrarfélag og vörslufyrirtæki skulu vera óháð í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Rekstrarfélagið skal einnig vinna í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðuleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Landsbréf hafa sett sér reglur um það hvernig tekið skuli á mögulegum hagsmunaárekstrum í starfsemi og má nálgast útdrátt úr þeim á vefsíðu félagsins, www.landsbref.is.

Rekstrarfélagið tekur ákvarðanir um fjárfestingar sjóðsins og annast framkvæmd þeirra. Landsbréf hafa auk starfsheimilda til sjóðastýringar heimildir til að sinna eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf fyrir einstaklinga og lögaðila.

Stjórn Landsbréfa skipa:

Þórunna Jónsdóttir, formaður, kt. 191268-3779, stjórnendaráðgjafi og lektor við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík

Magnús Magnússon, kt. 160965-4799, sérfræðingur á fyrirtækjasviði Landsbankans

Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, kt. 020976-3149, viðskiptastjóri hjá Landsbankanum

Haraldur Flosi Tryggvason, kt. 291166-4079, lögmaður hjá LBM Mandat

Erna Eiríksdóttir, kt. 110963-2039, sjálfstætt starfandi viðskiptafræðingur

Varamenn í stjórn:

Guðjón Valgeir Ragnarsson, kt. 300364-5279, forstöðumaður hjá Landsbankanum

Drífa Kristín Sigurðardóttir, kt. 130178-3169, lögfræðingur. .

Framkvæmdastjóri Landsbréfa er Helgi Þór Arason, kt. 160375-5079.

Endurskoðandi Landsbréfa er Grant Thornton endurskoðun ehf., kt. 430190-1999, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík.

Landsbréf hafa gert samning við Landsbankann um útvistun ýmissa verkefna tengdum sjóðum sem félagið annast rekstur á, í samræmi við 18. gr. sbr. 17. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Í samræmi við þetta samkomulag annast Landsbankinn eftirtalin verkefni:

- Annast eftirlit með mati rekstrarfélagsins á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðanna.
- Heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti.
- Annast innri endurskoðun á starfsemi Landsbréfa, regluvörslu og hefur umsjón með rekstri tölvukerfa Landsbréfa.
- Annast sölu- og markaðsmál fyrir sjóði í rekstri Landsbréfa.
- Annast bókhald og uppgjör sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, og lög nr. 145/1994 um bókhald.

- Greiðir viðeigandi þóknunarbréf fyrir sjóðinn.
- Gerir mánaðarlegt uppgjör sjóðsins, á samskipti við endurskoðanda í samráði við Landsbréf, vinnur skýrslur til opinberra aðila og hlutdeildarskírteinishafa að höfðu samráði við og eftir ákvörðun Landsbréfa.

Þann 1. ágúst 2019 voru 9 verðbréfasjóðir í rekstri Landsbréfa sem lúta eftirliti FME; Landsbréf - Sparibréf verðtryggð, Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð, Landsbréf - Markaðsbréf, Landsbréf - Sparibréf stutt, Landsbréf - Sparibréf meðallöng, Landsbréf - Sparibréf plús, Landsbréf - LEQ UCITS ETF, Landsbréf - Global Equity Fund og Landsbréf - Nordic 40.

Einnig hafa Landsbréf með höndum rekstur 13 fjárfestingarsjóða sem lúta eftirliti FME; Landsbréf - Markaðsbréf sértryggð, Landsbréf - Global Portfolio, Landsbréf - Öndvegisbréf, Landsbréf - Úrvalsbréf, Landsbréf - Eignadreifing Langtíma, Landsbréf - Eignadreifing Virði, Landsbréf - Eignadreifing Vöxtur, Landsbréf - Einkabréf B, Landsbréf - Einkabréf C, Landsbréf - Einkabréf D, Landsbréf - Fyrirtækjaskuldabréf, Landsbréf - Multi Asset Fund og Landsbréf - Veltubréf.

Landsbréf reka að auki 13 fagfjárfestingsjóði sem lúta eftirliti FME, Landsbréf - Hvatning slhf., Landsbréf - Fixed Income Opportunity Fund, Landsbréf - BÚS I, Horn III slhf., Landsbréf veðskuldabréfasjóður slhf., Askja fagfjárfestingsjóður, Brunnur vaxtarsjóður slhf., Horn II slhf., Landsbréf - Icelandic Tourism Fund slhf., Landsbréf - LBS I, Hekla fagfjárfestingsjóður, Drangar Fund og Landsbanki Mezzanine Fund II.

Upplýsingar um sjóði rekstrarfélagsins má finna á öllum afgreiðslustöðum Landsbankans, á vefsíðu Landsbréfa, www.landsbref.is sem og á vefsíðu Landsbankans www.landsbankinn.is.

Landsbréf sjá um stýringu eigna sjóðanna með kaupum og sölum á fjármálagerningum í samræmi við fjárfestingarstefnu og reglur hvers sjóðs. Þá skulu Landsbréf hafa eftirlit með störfum Landsbankans vegna þeirra verkefna sem útvistað hefur verið til bankans, sbr. framangreint.

2. Vörslufyrirtæki

Landsbréf hafa gert vörslusamning við Landsbankann, þess efnis að bankinn annist umsjón og varðveislu fjármálagerninga í eigu sjóða í rekstri félagsins. Meginstarfsemi Landsbankans er alhliða banka- og fjármálaþjónusta.

Hlutverk vörslufyrirtækis skv. 20. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði er að:

1. Tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóðs fari samkvæmt lögum og reglum hlutaðeigandi aðila,
2. tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur hlutaðeigandi aðila,
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila,
4. tryggja að í viðskiptum með eignir fjárfestingarsjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. tryggja að tekjum fjárfestingarsjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Skv. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði ber vörslufyrirtæki ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess samkvæmt lögum.

Fjárreiðum sjóðsins skal haldið tryggilega aðgreindum í bókhaldi frá fjárreiðum rekstrarfélagsins og vörsluaðilans.

3. Um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða

Heimildir fjárfestingarsjóða, eins og Öndvegisbréfa, til fjárfestinga eru háðar minni takmörkunum en heimildir verðbréfasjóða (UCITS). Þannig eru heimildir verðbréfasjóða til fjárfestinga í verðbréfum sem gefin eru út af sama aðila þrengri en gilda um fjárfestingarsjóði.

Nánari útlístan á fjárfestingarheimildum fjárfestingarsjóða er að finna í II. kafla F í lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, með þeim undantekningum sem gilda um fjárfestingarsjóði og tilgreindar eru í 59. gr. sömu laga, sbr. og reglur sjóðsins sem birtar eru sem viðauki við útboðslýsingu þessa.

4. Markmið og fjárfestingarstefna

Öndvegisbréf eru fjárfestingarsjóður með virka eignastýringu. Sjóðurinn er ætlaður jafnt almennum fjárfestum (bæði einstaklingum og lögaðilum) sem fagfjárfestum. Markmið Öndvegisbréfa er að ná góðri ávöxtun og dreifingu verðbréfaeignar með því að fjárfesta einkum í hlutabréfum íslenskra fyrirtækja. Öndvegisbréf henta þeim sem vilja ávaxta fé sitt í úrvali skráðra og óskráðra íslenskra hlutabréfa og njóta áhættudreifingar um leið. Kaup í Öndvegisbréfum er langtímafjárfesting þar sem búast má við miklum sveiflum í ávöxtun sjóðsins til skemmri tíma.

Óheimilt er að breyta fjárfestingastefnu sjóðsins nema í samræmi við ákvæði laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Fjárfestingastefna sjóðsins er eftirfarandi:

Tegund verðbréfa	Lágmark	Hámark
Hlutabréf skráð í Nasdaq Iceland og First North	50%	100%
Íslensk hlutabréf skráð í erlenda kauphöll	0%	50%
Óskráð íslensk hlutabréf	0%	40%
Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum sem fjárfesta í hlutabréfum	0%	20%
Hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóðum sem fjárfesta í hlutabréfum	0%	20%
Hlutdeildarskírteini í fagfjárfestasjóðum	0%	20%
Innlán	0%	30%
Önnur verðbréf	0%	10%
Afleiður vegna stöðutöku	0%	20%

Sjóðurinn fjárfestir að lágmarki 50% og að hámarki 100% eigna sinna í hlutabréfum skráðum í Nasdaq Iceland eða First North markaðnum. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta að hámarki 50% eigna sinna í hlutabréfum skráðum í erlenda kauphöll, enda sé um að ræða hlutabréf í félögum með heimilisfesti á Íslandi. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 40% af eignum sjóðsins í óskráðum íslenskum verðbréfum skv. 3. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Sjóðnum er heimilt að eiga allt að 40% af eignum sínum í óskráðum íslenskum hlutabréfum. Fjárfesting sjóðsins í óskráðum hlutabréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum sjóðsins.

Sjóðurinn má binda að hámarki 20% af eignum sínum í einum útgefanda (10% ef um er að ræða óskráð verðbréf); þó má sjóðurinn binda allt að 35% af eignum sínum í einum útgefanda svo fremi sem um sé að ræða verðbréf skráð í kauphöll.

Sjóðurinn getur fjárfest í innlánnum. Innlánaheimild sjóðsins nær m.a. til heildsöluinnlána (peningamarkaðsinnlána) en þar hefur verið samið sérstaklega um kjör og tímalengd viðkomandi innlána með samningi beint við fjármálafyrirtæki. Sjóðurinn getur verið með fé á óbundnum innlánsreikningum sem hluta af lausafjárstýringu sinni til að geta mætt innlausnum, en slík óbundin innlán teljast til reiðufjár og eru ekki hluti af fjárfestingastefnu sjóðsins.

Um fjárfestingarstefnuna gilda almennar takmarkanir skv. II kafla F í lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði með þeim undantekningum sem gilda um

fjárfestingarsjóði og tilgreindar eru í 59. gr. III. kafla sömu laga. Sjóðurinn hyggst nýta eftirfarandi heimildir fjárfestingarsjóða sem getið er um í 59. gr. laganna:

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða allt að 20% af eignum sínum og gildir því 3. tölul. 30. gr. laganna ekki um sjóðinn.

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum. Fjárfesting í verðbréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum sjóðsins. Þannig gildir ákvæði 1. mgr. 31. gr. laganna ekki um sjóðinn en fjárfestingu í óskráðum verðbréfum eru settar skorður í fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Ákvæði 35. gr. laganna gildir ekki um sjóðinn og um hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánnum sama útgefanda gildir að sjóðnum er heimilt að:

- Binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsins í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda, enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í verðbréfum eins útgefanda,
- binda allt að 30% af eignum sjóðsins í innlánnum sama fjármálafyrirtækis,
- binda allt að 10% af eignum sjóðsins í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt,
- binda allt að 35% í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum útgefnum af sama útgefanda en þá er einungis heimilt að fjárfesta yfir 20% í bréfum frá einum útgefanda. Samanlögð fjárfesting í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánnum sama útgefanda má aldrei verða hærrí en 40%,
- binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærrí fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.

Ákvæði 2. mgr. 39. gr. gildir ekki um sjóðinn. Heimilt er að fjárfesta án takmarkana í fjárfestingarsjóðum upp að því marki sem sett er fram í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Fjárfesting í sama fjárfestingarsjóði má ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í afleiðum til stöðutöku og til þess að draga úr áhættu samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, sbr. einkum 5. og 6. tölul. 30. gr., 34. gr., 42. gr. og 59. gr. laganna. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í eftirfarandi tegundum afleiðna;

- framvirkum samningum,
- vilnunum (bæði kaup- og söluréttum)
- skiptasamningum

Notkun afleiðna má ekki leiða til þess að farið sé út fyrir mörk laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, um hámark fjárfestinga í einstökum útgefendum. Eins skal notkun afleiðna ekki brjóta í bága við fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Mótaðilaáhætta af samningum, þ.e. sú áhætta sem felst í því að mótaðili afleiðusamninga efni ekki skuldbindingar sínar samkvæmt samningi t.d. afhendi ekki verðbréf eða standi með öðrum hætti ekki við samninginn á uppgjorsdegi, skal ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins sbr. 1. tl. 2.mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Arður eða annar hagnaður af eignum sjóðsins skal endurfjárfestur innan ramma fjárfestingastefnu hans.

5. Áhætta

Fjárfesting í fjármálagerningum felur ætíð í sér áhættu. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða er að jafnaði áhættuminni en þegar keyptir eru einstakir fjármálagerningar, því hver sjóður dreifir áhættu fjárfesta með kaupum í fleiri en einum flokki fjármálagerninga. Hlutabréf eru í eðli sínu áhættusöm fjárfesting og afkoma þeirra félaga sem sjóðurinn á hlutabréf í hefur bein áhrif á gengi sjóðsins. Vakin er sérstök athygli á því að rýmri heimildir fjárfestingarsjóða til fjárfestinga í samanburði við heimildir verðbréfasjóða leiða til þess að meiri áhætta getur verið fólgin í fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum en verðbréfasjóðum.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins geta lækkað í verði ekki síður en hækkað og eru því ekki áhættulaus og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Sveiflur í gengi sjóðsins geta verið miklar vegna sveiflna í gengi þeirra eigna sem sjóðurinn fjárfestir í. Ófyrirséðir atburðir, almennt efnahagsástand, ný eða breytt löggjöf, náttúruhamfarir, vinnustöðvanir og breytingar á skattalögum geta valdið verðbreytingum á verðbréfamarkaði, þ.m.t. á gengi hlutdeildarskírteina. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu áhættuþáttum sem hafa þarf í huga áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í sjóðnum. Upptalningin er þó ekki tæmandi fyrir þá þætti sem geta haft áhrif á gengi sjóðsins.

Markaðsáhætta fylgir öllum fjármálagerningum og er ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Undir markaðsáhættu falla til dæmis vaxtaáhætta og gengisáhætta.

- *Gengisáhætta* er áhætta sem felst í því að gengi verðbréfa, hlutdeildarskírteina og gjaldmiðla getur sveiflast með ófyrirsjáanlegum hætti og haft þannig áhrif á ávöxtun í sjóðnum.
- *Vaxtaáhætta* felst í áhrifum breytinga á markaðsvöxtum á verðmyndun verðbréfa. Hækki ávöxtunarkrafa á markaði getur það leitt til lækkunar á verði hlutabréfa og öfugt. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa getur hækkað og verð hlutabréfa lækkað til dæmis við vaxtahækkunir Seðlabanka eða vegna mikils framboðs.

Landsbundin áhætta er til staðar í sjóðnum. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í verðbréfum fyrirtækja óháð því á hvaða landsvæði þau starfa. Hagkerfum einstakra landa kann að vera mismunandi háttáð, til hins betra eða verra, hvað snertir atriði á borð við vöxt í svæðisbundinni framleiðslu eða landsframleiðslu, verðbólgu, regluverk, endurfjárfestingu, sjálfsþurft eða greiðslujöfnuð. Landsbundin áhætta getur einnig skapast vegna óvissu um ytri aðstæður, til dæmis um það hvort skattareglur verði óbreyttar til framtíðar. Jafnframt getur hún skapast vegna átaka, stjórnmaladeilna, hryðjuverka, styrjalda, náttúruhamfara, farsóttu og annarra álíka aðstæðna.

Gjaldmiðlaáhætta er í sjóðnum. Sum þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í eru með stóran hluta sjóðstremmis síns í erlendum gjaldeyri. Sveiflur í gengi gjaldmiðla geta því haft áhrif á hagnað þeirra og þannig leitt til hækkunar eða lækkunar á gengi hlutabréfa í viðkomandi fyrirtæki.

Áhætta tengd smæð markaðar eða eignatengsl útgefanda verðbréfa. Íslenskur verðbréfamarkaður er smár í sniðum og því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir. Af þeim sökum getur verðmyndun á markaði verið ógegnisæ og óvirkari en gerist á stærri mörkuðum. Einnig geta eignatengsl verið á milli útgefanda verðbréfa sem getur leitt til þess að greiðslufall einstakra útgefanda hafa viðtækari áhrif en annars myndi verða.

Skuldaraáhætta (greiðsluáhætta) er í sjóðnum. Skuldaraáhætta er sú áhætta að útgefandi verðbréfs standi ekki við skuldbindingar sínar og fari í gjaldþrot eða nauðasamninga og fjárfesting tapist því að hluta til eða að öllu leyti. Innlánakröfur geta tapast við gjaldþrot fjármálastofnunar sem sjóðurinn á innlán hjá.

Seljanleikaáhætta/Lausaffjárahætta er til staðar í sjóðnum þar sem sú staða gæti komið upp að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma, til dæmis ef miklar innlausnir verða í sjóðnum eða ef samþjöppun eigna veldur broti á fjárfestingarstefnu.

Frammistöðuáhætta er til staðar í sjóðnum, þar sem að stýring sjóðsins telst virk og árangur sjóðsins getur verið betri eða verri en á þeim verðbréfamörkuðum sem sjóðurinn fjárfestir á.

Uppgjörsáhætta er til staðar í sjóðnum ef útgefandi eða mótaðili í viðskiptum stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskipta á sér stað eða afhendir ekki fjármálagerning á réttum tíma.

Vörsluáhætta er í sjóðnum þar sem eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.

Áhætta tengd fjárfestingum í innlánnum er í sjóðnum. Meiri áhætta fylgir almennt fjárfestingu í bundnum innlánnum. Innlán í eigu sjóðsins, hverju nafni sem þau kunna að nefnast, njóta ekki tryggingaverndar samkvæmt lögum.

Rekstraráhætta er í sjóðnum og gæti sjóðurinn tapað fjármunum vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

6. Áhætta vegna notkunar á afleiðum

Enda þótt skynsamleg notkun á afleiðum geti verið til góðs eru afleiður einnig háðar annars konar áhættu sem í sumum tilvikum er meiri en sú áhætta sem tengist hefðbundinni fjárfestingu. Almenn umfjöllun um mikilvæga áhættuþætti og álítaefni varðandi afleiðuviðskipti fer hér á eftir og er rétt að fjárfestar átti sig á þeim áður en fjárfest er í sjóðnum.

Markaðsáhætta. Markaðsáhætta er almenn áhætta sem fylgir öllum fjárfestingum, virði fjárfestingar getur breyst til hins verra.

Mótaðilaáhætta. Sjóðurinn getur orðið fyrir tapi vegna þess að mótaðili að afleiðunni stendur ekki við skilmála afleiðusamnings. Mótaðilaáhætta af afleiðum sem verslað er með í kauphöllum er yfirleitt minni en af þeim sem verslað er með utan kauphalla. Munurinn liggur í kröfum um framlagðar tryggingar fyrir efdum. Greiðslujöfnunarstöð reiknar tryggingaþörf daglega og kallar eftir auknum tryggingum mótaðila ef við á. Ekkert sambærilegt tryggingakerfi gildir um afleiður sem aðilar semja um sín á milli eða um viðskipti sem eiga sér stað utan kauphalla.


Innlausnaráhætta. Slík áhætta kemur fram í því að erfitt getur verið að selja eða kaupa ákveðin bréf. Markaðsaðstæður geta hamlað því að hægt sé að selja eða kaupa bréf á ásættanlegu verði, til dæmis ef um óskráð bréf er að ræða eða ef lítil dýpt er til staðar á kaup- og sölutilboðum með viðkomandi bréf.

Stjórnunaráhætta. Viðskipti með afleiður krefjast sérþekkingar og annarra fjárfestingaraðferða og áhættumats en við á um skuldabréf og hlutabréf. Til að nota afleiður er nauðsynlegt að búa yfir skilningi á bæði þeirri eign sem að baki henni liggur og á afleiðunni sjálfri. Vegna þess hve afleiður eru flóknar er nauðsynlegt að fylgjast tryggilega með þeim viðskiptum sem gerð eru og geta metið þá áhættu sem afleiðan veldur sjóðnum.

Önnur áhætta. Meðal annarra áhættuþátta varðandi afleiður er að afleiða sé rangt verðlögð eða rangt metin og sú staðreynd að afleiða samsvarar aldrei fullkomlega eignum, vöxtum og vísitölum sem að baki henni liggja. Margar afleiður eru flóknar og oft verðmetnar sérstaklega á einstaklingsbundinn hátt. Rangt mat getur haft í för með sér tap fyrir sjóðinn.

7. Fyrri árangur sjóðsins

Fyrri árangur Öndvegisbréfa er sýndur á myndinni hér fyrir neðan, nafnávöxtun í íslenskum krónum á ársgrundvelli, að frádregnum kostnaði sem fallið hefur á sjóðinn á hverjum tíma. Áskriftar- og innlausnargjöld eru ekki innifalin í útreikningi á árangri sjóðsins. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Sjóðurinn var stofnaður á árinu 2012.



Mynd 1. – Nafnávöxtun sjóðsins á ársgrundvelli

III. AÐRAR UPPLÝSINGAR

1. Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina

Þeir sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar fá í hendur kvittun, sem staðfestir hlutdeild þeirra í sjóðnum, og er nafn þeirra og kennitala ásamt heildarhlutdeild skráð í hlutdeildarskírteinaskrá. Landsbankinn sem er vörslufyrirtæki sjóðsins, sér um hlutdeildarskírteinaskrá. Hlutdeildarskírteini veitir eiganda ekki atkvæðisrétt um málefni sjóðsins. Ef sérstaklega er óskað eftir því gefur rekstrarfélagið út hlutdeildarskírteini, sbr. 23. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, gegn 2.000 kr. endurgjaldi. Slík útgefin hlutdeildarskírteini skulu ávallt endurspeglar heildarhlutdeild viðkomandi í sjóðnum og ef breyting verður á eignarhlutdeild vegna sölu eða innlausnar skal nýtt hlutdeildarskírteini gefið út í stað eldra útgefins skírteinis sem þar með telst ógilt.

Allir sem eiga hlutdeild að sjóðnum eiga sama rétt til eigna og tekna sjóðsins í hlutfalli við eign sína og eru skírteinin staðfesting á tilkalli til hlutdeildar í hreinni eign sjóðsins. Eigandi hlutdeildarskírteinis hefur réttarstöðu lánardrottins gagnvart sjóðnum, þó þannig að tilkall hlutdeildarskírteinishafa er ávallt til hlutdeildar í hreinni eign sjóðsins. Hafi hlutdeildarskírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar ber að tilkynna eigendaskiptin til vörslufyrirtækis og öðlast þau ekki gildi fyrir en slík tilkynning hefur átt sér stað og nýtt hlutdeildarskírteini verið gefið út til framsalshafa og er hlutdeild þá skráð á nafn og kennitölu hans. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrá og heimildartilkynningar getið.

Stjórn Landsbréfa er heimilt að taka ákvörðun um að gefa út hlutdeildarskírteini með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Hlutdeildarskírteini verða eingöngu seld gegn staðgreiðslu.

Engar takmarkanir skulu vera á eigendaskiptum að hlutdeildarskírteinum hvort sem er fyrir afsalsgerninga eða af öðrum ástæðum. Glatist hlutdeildarskírteini á eigandinn rétt á að fá nýtt skírteini útgæfið strax og hið eldra hefur verið ógilt með dómi. Tilkynna skal um eigendaskipti hlutdeildarskírteina til Landsbankans og er slík tilkynning forsenda þess að eigendaskipti teljist gild.

Breytingar á reglum sjóðsins öðlast ekki gildi fyrir en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna ber eigendum hlutdeildarskírteina í sjóðnum um breytingar á reglum hans. Stjórn Landsbréfa getur farið þess á leit að Fjármálaeftirlitið samþykki undanþágu frá tilkynningaskyldu þessari, sbr. 3. mgr. og 4. mgr. 11. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, en haft skal að leiðarljósi að senda allar efnislegar breytingar á reglum til hlutdeildarskírteinishafa.

2. Kaupgengi og innlausnarvirði

Gengi Öndvegisbréfa er reiknað í dagslok þá viðskiptadaga sem sjóðurinn er opin og notað til uppgjörs viðskipta með hlutdeildarskírteini tveimur viðskiptadögum síðar (T+2).

Gengi sjóðsins er birt á uppgjörstigi á öllum sölustöðum sjóðsins. Kaupgengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum er innlausnarvirði þeirra og er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Um útreikning á gengi sjóðsins fer eftir stjórnvaldsreglum sem gilda hverju sinni um framkvæmd útreiknings á gengi hlutdeildarskírteina verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á Íslandi.

Arði, vöxtum og öðrum hagnaði af verðbréfaeign Öndvegisbréfa skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

Landsbréf eru á hverjum tíma skuldbundin til að innleysa hlutdeildarskírteini í sjóðnum að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir á innlausnardegi viðskipta með hlutdeildarskírteini, enda hafi beiðni um innlausn borist fyrir lokunartíma sjóðsins tveimur viðskiptadögum fyrir. Þó er heimilt undir sérstökum kringumstæðum að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Slík frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina með því, sbr. 2. mgr. 58. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun

kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði eða að sjóðurinn standi frammi fyrir svo miklum kröfum um innlaun að ekki sé unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem gæti tekið einhvern tíma. Frestun skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Slík frestun skal ennfremur auglýst opinberlega. Fjármálaeftirlitið getur einnig krafist þess að innlaun hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess, sbr. 4. mgr. 58. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Landsbréf geta lokað fyrir kaup á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum ef ekki er talið að vænlegir fjárfestingarkostir séu í boði.

3. Mat eigna

Mat á eignum sjóðsins fer eftir reglugerð nr. 1166/2013 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlaun, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf. Mat á eignum sjóðsins skal á hverjum tíma endurspeglar raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar í eigu sjóðsins, sem eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati Landsbréfa, undir eftirliti vörslufyrirtækis og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Rekstrarfélagið skal halda skrá yfir mat slíkra eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur fyrir mati á eignum.

Fyrir sjóðinn skal mynda niðurfærslureikning vegna fjármálagerninga í því skyni að gengi hlutdeildarskírteina endurspeglar sem best verðmæti eigna hlutaðeigandi sjóðs á hverjum tíma.

4. Skattamál

Sérhverjar tekjur af hlutdeildarskírteinum eru skattlagðar sem vaxtatekjur samkvæmt 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Skattaleg meðferð er mismundandi eftir því hvort um er að ræða aðila heimilisfasta á Íslandi eða heimilisfasta erlendis og jafnframt eftir því hvort um er að ræða einstaklinga utan rekstrar eða einstaklinga með rekstur eða hvort um er að ræða lögaðila.

Samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur er innheimtur af innlendum einstaklingum 22% staðgreiðsluskattur af fjármagnstekjum, svo sem vegna hagnaðar af sölu og/eða innlaun hlutdeildarskírteina og mögulegri arðgreiðslu úr sjóðum um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur er bráðabirgðagreiðsla og fer endanlegt uppgjör fram við álagningu opinberra gjalda ár hvert. Við álagningu er tekið tillit til skattleysismarkna vaxtatekna hjá einstaklingum utan rekstrar. Skattleysismörk vaxtatekna eru 150.000 kr. (frá og með 1. janúar 2018) og er ofgreidd staðgreiðsla eftir atvikum endurgreidd við álagningu. Ef fjármagnstekjurnar flokkast sem rekstrartekjur hjá einstaklingi eru þær skattlagðar við álagningu í samræmi við 3. tölul. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Staðgreiðsla er ávallt innheimt við innlaun eða framsal hlutdeildarskírteina og kemur afdregin staðgreiðsla til frádráttar við álagningu opinberra gjalda á næsta ári eftir að tekjuári lýkur.

Við skattskil skattskyldra lögaðila er áfallin gengisbreyting af hlutdeildarskírteinum færð til tekna eða gjalda á rekstrarreikningi og kemur þannig inn í útreikning á tekjuskattsstofni rekstrartekna og skattleggst í því skatthlutfalli sem gildir um viðkomandi félagsform lögaðilans. Hlutföll þessi eru nú 20% fyrir hlutafélög og 37,6% fyrir sameignarfélög. Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts er lögð á innleystar fjármagnstekjur þessara aðila með 22% staðgreiðsluhlutfalli og er sú skattgreiðsla bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlega álagningu tekjuskatts. Ef staðgreiðsla reynist hafa verið ofgreidd (þ.e. afdregin staðgreiðsla reynist hærri en álagður tekjuskattur) þá er hún endurgreidd við álagningu tekjuskatts árið á eftir staðgreiðsluárinu.

Lögaðilar sem almennt eru undanþegnir skattskyldu samkvæmt 1., 2., 4., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru engu að síður skyldir til að greiða skatt af tekjum af sölu eða öðru framsali hlutdeildarskírteina og er skattur sá innheimtur í staðgreiðslu með 22% skatthlutfalli. Eftirtaldir lögaðilar sæta hvorki skattlagningu né staðgreiðslu af tekjum af hlutdeildarskírteinum, sbr. 5. mgr. 71. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum: Lánasjóður íslenskra námsmanna, Byggðastofnun, Íbúðalánasjóður, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Seðlabanki Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Fiskræktarsjóður, lífeyrissjóðir samkvæmt lögum um Fjárfestingarsjóður

skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og starfstengdir eftirlaunasjóðir sem heimild hafa til að taka á móti iðgjöldum til myndunar eftirlaunaréttar. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, eru sjóðir sem starfa samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðstöðvar, líftryggingafélög, og lífeyrissjóðir undanþegin staðgreiðslu af fjármagnstekjum.

Erlendir einstaklingar og erlendir lögaðilar sæta 12% staðgreiðslu af fjármagnstekjum, vegna hagnaðar af sölu og/eða innlausn hlutdeildaskírteina og mögulegri arðgreiðslu úr sjóðum um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Erlendir einstaklingar geta skilað skattframtali vegna vaxtatekna og fengið sams konar skattleysismörk og innlendir einstaklingar eða 150.000 kr. á ári.

Frá skattskyldu erlendra aðila gilda ákveðnar undanþágur. Aðilar sem eru heimilisfastir í landi sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við, og þar sem sá samningur gerir ráð fyrir að ekki sé haldið eftir staðgreiðslu af vaxtatekjum þeirra, teljast ekki skattskyldir af vaxtatekjum sem upprunnar eru hér á landi. Það er þó forsenda fyrir því að þessi undanþága komi til framkvæmda við staðgreiðslu að sótt hafi verið um hana til ríkisskattstjóra á til þess gerðu eyðublaði RSK 5.42.

Rétt er að vekja athygli á því að skattalög geta breyst frá einum tíma til annars og gildandi reglur til dæmis varðandi skattskyldu, skatthlutföll, skattleysismörk og/eða ákvörðun skattstofna geta tekið breytingum ef lögum verður breytt. Þá geta ný lög verið sett sem kveða á um nýja skattlagningu á tekjum og eignum. Skattfrankvæmd, þar með talið um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, er hagað í samræmi við leiðbeiningar og ákvarðanir ríkisskattstjóra. Ef yfirskattanefnd eða dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að slík framkvæmd hafi reynst röng í einhverjum atriðum þá fer um leiðréttingar í slíkum tilvikum eftir þeim reglum sem gilda lögum samkvæmt, sbr. einkum 3. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Viðskiptavinum er ráðlagt að leita til sérfróðra aðila um skattalega stöðu sína, svo sem til embættis ríkisskattstjóra, endurskoðenda eða lögmanna sem sérhæft hafa sig í skattamálum.

5. Rekstrarkostnaður og annar kostnaður

Við viðskipti með hlutdeildarskírteini í Öndvegisbréfum er gjaldfært afgreiðslugjald samkvæmt gildandi gjaldskrá söluaðila hverju sinni.

Landsbréf fá greidda umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins. Umsýsluþóknun sjóðsins er 1,75% á ársgrundvelli og er reiknuð af nettóstærð sjóðsins hvern dag og færð til skuldar í bókhaldi sjóðsins. Umsýsla felst m.a. í útreikningi á innlausnarvirði, reikningshaldi, þjónustu við fjárfesta, vörslu verðbréfa, umsjón með skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina og stýringu eigna sjóðsins. Uppgjör umsýsluþóknunar til Landsbréfa fer fram mánaðarlega. Öndvegisbréf geta samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfest m.a. í öðrum sjóðum Landsbréfa. Landsbréf innheimta umsýsluþóknun af öllum sjóðum í rekstri félagsins.

Beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar sjóðsins s.s. viðskiptakostnaður og innheimtukostnaður er ekki innifalinn í umsýsluþóknun né heldur eftirlitsgjald til Fjármálaeftirlitsins sem er lagt á samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og er sjóðurinn krafinn um greiðslu þessa kostnaðar.

Landsbréf geta einnig krafðið sjóðinn um endurgreiðslu annars kostnaðar sem fellur til vegna reksturs hans svo sem vegna endurskoðunar sjóðsins, kauphallarkostnaðar, fjármálakerfa (annarra en eignastýringarkerfis), áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, lögfræðikostnaðar og kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga og kynningarefnis. Ekki er heimilt að krefja sjóðinn um greiðslu slíks annars kostnaðar umfram sem nemur 0,1% árlega.

Sjóðurinn greiðir almennt miðlunarþóknunir til miðlara við kaup og sölu verðbréfa. Slíkar þóknunir nema að jafnaði 0,10% - 0,30% af markaðsvirði viðskipta. Miðlunarþóknunir vegna óskráðra verðbréfa geta verið hærri.

Með hliðsjón af 2. mgr. 54 gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði skal bent á að ef sjóðurinn fjárfestir í öðrum sjóðum, sem reknir eru af Landsbréfum, þá er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum.

Með hliðsjón af 5. mgr. 52. gr. sömu laga skal bent á að sjóðir sem Öndvegisbréf fjárfesta í skulu ekki bera hærri umsýslukostnað en 3%.

6. Kaup og sala hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini eru seld gegn staðgreiðslu kaupverðs og er lágmarksfjárfesting 5.000 kr. Við kaup í sjóðnum er innheimt 2% gjald. Hlutdeildarskírteini skal skrá á nafn eða á safnreikning, sbr. 5. mgr. 23. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði. Opið er fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í sjóðnum frá klukkan 9:30-14:30 þá viðskiptadaga sem Kauphöllin á Íslandi er opin. Viðskiptapantanir með hlutdeildarskírteini í sjóðnum sem berast á opnunartíma hans eru afgreiddar á birtu gengi þess dags og uppgjör fer fram tveimur viðskiptadögum síðar (T+2). Pantanir sem berast utan opnunartíma eru afgreiddar með þeim pöntunum sem berast á opnunartíma næsta viðskiptadags á birtu gengi þess dags.

7. Ársreikningur og árshlutauppgjör

Ársreikningur og árshlutauppgjör Landsbréfa skulu vera almenningi aðgengileg á starfsstöð Landsbréfa innan 10 daga frá undirritun og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Einnig má nálgast ársreikninga á vefsíðu Landsbréfa, www.landsbref.is.

8. Reglur og reglulegar skýrslur

Reglur sjóðsins eru í viðauka við útboðslýsingu. Reglulegar skýrslur um sjóðinn ásamt öðrum upplýsingum má finna á vef Landsbréfa www.landsbref.is og á vef Landsbankans www.landsbankinn.is

Helstu atriði útboðslýsingar skulu að jafnaði uppfærð eigi sjaldnar en árlega, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 1166/2013 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf.

Útboðslýsing og lykilupplýsingar skulu sendar Fjármálaeftirlitinu. Verði breytingar á efnisatriðum útboðslýsingar eða lykilupplýsinga skulu þær sendar Fjármálaeftirlitinu og kynntar eigendum hlutdeildarskírteina eða hluta með opinberum hætti. Útboðslýsing þessi skal vera fjárfestum aðgengileg að endurgjaldslausu.

VIÐAUKI 1: REGLUR FYRIR LANDSBRÉF - ÖNDVEGISBRÉF

1. grein Heiti sjóðs

Landsbréf Öndvegisbréf, kt. 431212-9430 hér eftir nefnd „Öndvegisbréf“ eða „sjóðurinn“, er fjárfestingarsjóður sem starfræktur er í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Fjárfestingarsjóðurinn er rekinn af Landsbréfum hf., kt. 691208-0520 (hér eftir Landsbréf), sem hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsbréf eru til heimilis að Borgartúni 33, 105 Reykjavík.

2. grein Deildaskipting

Landsbréf veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu sjóðsins og í samræmi við ákvæði laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og gefur út hlutdeildarskírteini í sjóðnum til staðfestingar á hlutdeild í eignum sjóðsins. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður og starfar óskiptur. Fjárreiðum sjóðsins skal haldið tryggilega aðgreindum í bókhaldi Landsbréfa.

3. grein

Fjárfestingastefna

Öndvegisbréfum er heimilt að nýta sér heimildir fjárfestingarsjóða sem kveðið er á um í 2. 3. 4. og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Sjóðurinn hefur sérstaka og fyrirfram ákveðna fjárfestingastefnu. Stjórn Landsbréfa ákveður fjárfestingastefnu sjóðsins. Óheimilt er að breyta fjárfestingastefnu sjóðsins nema í samræmi við ákvæði laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði nr. 128/2011. Fjárfestingastefna sjóðsins er eftirfarandi:

Tegund verðbréfa	Lágmark	Hámarg
Hlutabréf skráð í NASDAQ OMX Nordic Iceland og First North	50%	100%
Íslensk hlutabréf skráð í erlenda kauphöll	0%	50%
Óskráð íslensk hlutabréf	0%	40%
Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum sem fjárfesta í hlutabréfum	0%	20%
Hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóðum sem fjárfesta í hlutabréfum	0%	20%
Hlutdeildarskírteini í fagfjárfestasjóðum	0%	20%
Innlán	0%	30%
Önnur verðbréf	0%	10%
Afleiður vegna stöðutöku	0%	20%

Að auki gilda ákvæði II. í kafla F um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða í lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, auk 59. gr. sömu laga.

Sjóðurinn fjárfestir að lágmarki 50% og að hámarki 100% eigna sinna í hlutabréfum skráðum í NASDAQ OMX Nordic Iceland eða First North markaðnum. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta að hámarki 50% eigna sinna í hlutabréfum skráðum í erlenda kauphöll, enda sé um að ræða hlutabréf í félögum með heimilisfesti á Íslandi. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 40% af Fjárfestingarsjóður

Landsbréf - Öndvegisbréf

eignum sjóðsins í óskráðum íslenskum verðbréfum skv. 3. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Sjóðnum er heimilt að eiga allt að 40% af eignum sínum í óskráðum íslenskum hlutabréfum. Fjárfesting sjóðsins í óskráðum hlutabréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum sjóðsins.

Sjóðurinn hefur heimild skv. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til þess að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Aðferðafræði sjóðastýringar miðar ekki að því að endurspeglar vísitölu, sjóðstjóra ber einungis að fylgja fjárfestingastefnu.

Samkvæmt 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði er sjóðnum heimilt að eiga reiðufé til skamms tíma. Slíkar eignir eru þó ekki hluti af fjárfestingastefnu sjóðsins.

Sjóðurinn má binda að hámarki 20% af eignum sínum í einum útgefanda (10% ef um er að ræða óskráð verðbréf); þó má sjóðurinn binda allt að 35% af eignum sínum í einum útgefanda svo fremi um sé að ræða verðbréf skráð í kauphöll.

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í afleiðum samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóð og fagfjárfestasjóði, sbr. einkum 5. og 6. tl. 30. gr., 34. gr., 42. gr. og 59. gr. laganna.

Afleiður sjóðsins eru í formi framvirkra samninga og vilnana. Þegar um framvirka samninga er að ræða skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með fjármálagerninga á fyrirfram ákveðnu verði og ákveðnum tíma í framtíðinni. Með því myndast skuldbinding í sjóðnum vegna framangreindra framtíðarviðskipta. Verðmyndun framvirka samningsins er svo háð sveiflum í gengi undirliggjandi viðmiða og hefur með þeim hætti áhrif á innra virði sjóðsins. Verðmæti framvirkra samninga er breytilegt í takt við breytingar á viðmiði. Tekið er tillit til þessara verðbreytinga í útreiknuðu daglegu gengi sjóðsins. Með vilnun er átt við samning um kaup- eða sölurétt á fjármálagerningi. Samningurinn felur í sér réttinn til að eiga viðskipti með ákveðinn fjármálagerning á ákveðnu tímabili, á fyrirfram ákveðnu verði, fyrir ákveðna upphæð. Eigandi kaup- eða söluréttar hefur val um hvort hann nýtir sér réttinn eða ekki. Hámarkstap vilnunar er kostnaður samningsins.

Notkun afleiðna má ekki leiða til þess að farið sé út fyrir mörk laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, um hámark fjárfestinga í einstökum útgefendum.

Breytingar verða á verðmæti afleiðna í takt við verðþróun undirliggjandi viðmiða og því getur sjóðurinn bæði hagnast og tapað á notkun afleiðna. Tekið skal fram að afleiðustöðum sjóðsins er umbreytt í samsvarandi stöðu í þeim undirliggjandi eignum sem felast í þeim afleiðum sem sjóðurinn notar. Umbreyting í undirliggjandi eignir vegna framvirkra samninga skal byggja á efnisákvæðum undirliggjandi samninga og ef um er að ræða afar óhagstæða verðþróun á markaði getur sjóðurinn tapað því sem nemur samningunum. Sjóðurinn gerir framvirka samninga og vilnanir og hefur heimildir til að gera slíka samninga við innlendar fjármálastofnanir. Mótaðilaáhætta af samningum, þ.e. sú áhætta sem felst í því að mótaðili afleiðusamninga efni ekki skuldbindingar sínar samkvæmt samningi t.d. afhendi ekki verðbréf eða standi með öðrum hætti ekki við samninginn á uppgjörstími skal ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins sbr. 1. tl. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Samkvæmt 6. tl. 30. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði skulu gagnaðilar sjóðsins í óskráðum afleiðusamningum lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Arður eða annar hagnaður af eignum sjóðsins skal endurfjárfestur innan ramma fjárfestingastefnu hans.

4. grein

Rekstur og hlutverk vörslufyrirtækis

Daglegur rekstur og framkvæmdastjórn sjóðsins, skal vera í höndum Landsbréfa í samræmi við ákvæði laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Vörslufyrirtæki

sjóðsins er Landsbankinn hf. kt. 471008-0280, Austurstræti 11, Reykjavík (hér eftir „Landsbankinn“). Landsbréfum er óheimilt að skipta um vörsluaðila nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Stjórn Landsbréfa gerir samning við Landsbankann um vörslu og umsjá eigna sjóðsins í samræmi við 20. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Í samningnum skulu meðal annars koma fram þau háþörk sem vörslufyrirtæki er heimilt að áskilja sér í afgreiðslu- og umsýslugjöld o.fl.

Skv. 18. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til Landsbankans eftirfarandi lögbundum verkefnum rekstrarfélagsins.

- Landsbankinn annast eftirlit með mati rekstrarfélagsins á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins.
- Skv. sömu lagaheimild viðheldur Landsbankinn skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti.
- Landsbankinn annast innri endurskoðun á starfsemi Landsbréfa, sér rekstrarfélaginu fyrir regluvörslu og annast rekstur og umsjón tölvukerfa Landsbréfa.
- Landsbankinn annast sölu- og markaðsmál fyrir sjóði í rekstri Landsbréfa, þar með talda alla þjónustu við viðskiptavinum.

Skv. 2 mgr. 18 gr. laga nr 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina. Stjórn félagsins er þó aldrei heimilt að útvista öllum verkefnum félagsins og ekki er heimilt að útvista fjárfestingarákvörðunum fyrir sjóðinn til vörslufyrirtækis né til annars félags, fari hagsmunir þess ekki saman við hagsmuni Landsbréfa og eigenda hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóðsins.

Vörslusamningur og samningur um útvistun verkefna skulu vera aðgengilegir eigendum hlutdeildarskírteina og liggja frammi á skrifstofu vörslufyrirtækis.

5. grein

Þóknun rekstrarfélags

Fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins fá Landsbréf greidda umsýsluþóknun sem er reiknuð af nettóstærð sjóðsins hvern dag og færð til skuldar í bókhaldi sjóðsins. Umsýsla felst m.a. í útreikningi á innlausnarvirði, reikningshaldi, þjónustu við fjárfesta, vörslu verðbréfa og umsjón með skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina og stýringu eigna sjóðsins. Uppgjör umsýsluþóknunar til Landsbréfa fer fram mánaðarlega. Umsýsluþóknunin má að hámarki nema 2% á ársgrundvelli af stöðu hvers dags. Núverandi umsýsluþóknun er 1,75%.

Beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar sjóðsins s.s. viðskiptakostnaður og innheimtukostnaður er ekki innifalinn í umsýsluþóknun né heldur eftirlitsgjald til Fjármálaeftirlitsins sem er lagt á samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og er sjóðurinn krafinn um greiðslu þessa kostnaðar.

Landsbréf geta einnig kafið sjóðinn um endurgreiðslu annars kostnaðar sem fellur til vegna reksturs hans svo sem vegna endurskoðunar sjóðsins, kauphallarkostnaðar, fjármálakerfa (annarra en eignastýringarkerfis), áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, lögfræðikostnaðar og kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga og kynningarefnis. Ekki er heimilt að krefja sjóðinn um greiðslu slíks annars kostnaðar um fram sem nemur 0,1% árlega.

6. grein

Markaðssetning sjóðsins

Eingöngu er heimilt að markaðssetja Öndvegisbréf á Íslandi.

7. grein

Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra

Landsbréf gefa út skilríki fyrir eignarréttindum að sjóðnum í formi hlutdeildarskírteina til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar. Hlutdeildarskírteini

skulu skráð á nafn eða á safnreikning, sbr. 5. mgr. 23. gr. laga nr 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

Allir sem eiga hlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við eign sína og eru skírteinin staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigandi hlutdeildarskírteinis hefur réttarstöðu lánardrottins gagnvart sjóðnum. Landsbréfum er, þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar, ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema eigendur þeirra óski eftir því. Stjórn Landsbréfa er heimilt að taka ákvörðun um að gefa út hlutdeildarskírteini með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa nr. 131/1997. Hlutdeildarskírteini verða eingöngu seld gegn staðgreiðslu. Hlutdeildarskírteini veitir eigenda ekki atkvæðisrétt um málefni sjóðsins.

Engar takmarkanir skulu vera á eigendaskiptum að hlutdeildarskírteinum hvort sem er fyrir afsalgerninga eða af öðrum ástæðum. Glatist hlutdeildarskírteini á eigandinn rétt á að fá nýtt skírteini útgefið strax og hið eldra hefur verið ógilt með dómi. Vörslufyrirtæki sjóðsins, Landsbankinn, heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Tilkynna skal um eigendaskipti hlutdeildarskírteina til Landsbankans fyrir endanlegan gjalddaga hlutdeildarskírteina. Eru Landsbréf skuldbundin til að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir á innlausnardegi í samræmi við ákvæði laga og reglna þar um.

Opið er fyrir viðskipti í sjóðnum frá kl. 9:30-14:30 þá viðskiptadaga sem Kauphöllin á Íslandi er opin. Viðskiptapantanir með hlutdeildarskírteini í sjóðnum sem berast á opnunartíma sjóðsins eru afgreiddar á birtu gengi þess dags og uppgjör fer fram tveimur bankadögum síðar (T+2). Pantanir sem berast utan opnunartíma eru afgreiddar með þeim pöntunum sem berast á opnunartíma næsta dags sem Kauphöllin er opin á birtu gengi þess dags. Landsbréf eru skuldbundin til að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir á innlausnardegi. Fyrir innlausnarupphæðir sem nema yfir 10% af hreinni eign sjóðsins, þó ekki lægra en 100 milljónir króna, hefur rekstrarfélagið heimild til að framkvæma innlausn hlutdeildarskírteina að hluta eða öllu leyti með því að framselja til hlutdeildarskírteinishafa verðbréf og fjármálagerninga sjóðsins og aðrar eignir hans í sömu hlutföllum og svara til hlutdeild viðkomandi í sjóðnum (innlausn „in kind“).

Landsbréfum er þó heimilt undir sérstökum kringumstæðum að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Slík frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verði einungis beitt mæli sérstakar ástæður og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina með því, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun Kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði eða sjóðurinn standi frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki sé unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem gæti tekið einhvern tíma. Frestun skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Slík frestun skal ennfremur auglýst opinberlega. Fjármálaeftirlitið getur einnig krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað, krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess sbr. 3. mgr. 27. gr laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

8. grein

Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar

Arður eða annar hagnaður af verðbréfum í eigu sjóðsins skal endurfjárfestur innan ramma fjárfestingastefnu hans.

9. grein

Útreikningur á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina skal reiknað út daglega. Eignir sjóðsins skulu metnar á markaðsvirði, sem reiknað skal út daglega en virði óskráðra fjármálagerninga er háð mati verðmatsnefndar Landsbréfa, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Rekstrarfélagið heldur skrá yfir mat slíkra eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur fyrir mati á eignum. Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er virði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefina og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Stjórn félagsins setur nánari reglur um útreikning innlausnarverðs og mat eigna í samræmi við ákvæði laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

10. grein

Samruni við aðra sjóði

Stjórn Landsbréfa tekur ákvörðun um hvers konar samruna sjóðsins við aðra verðbréfasjóði. Ef stærð sjóðsins fer undir 200 m.kr. er stjórninni heimilt að taka ákvörðun um samruna við aðra verðbréfasjóði, sem og ef stjórn Landsbréfa telur hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa best borgið með samruna við annan verðbréfasjóð, til dæmi vegna markaðsaðstæðna. Samruni verðbréfasjóða er ávallt háður samþykki Fjármálaeftirlitsins og verðbréfasjóðir sem hyggjast renna saman skulu gera sameiginlega samrunaáætlun sbr. 56. gr. a laga nr. 128/2011, með síðari breytingum. Upplýsa skal eigendur hlutdeildarskírteina samrunasjóðs og yfirtökusjóðs um fyrirhugaðan samruna 30 dögum áður en innlausnarskylda líkur og birta nákvæmar og fullnægjandi upplýsingar sbr. 56. gr. b sömu laga, um m.a. ástæður og aðdraganda fyrirhugaðs samruna, þau áhrif sem álitid er að samruninn muni hafa á hlutdeildarskírteinishafa, réttindi hlutdeildarskírteinishafa og atriði sem varða málsmeðferð og áætlaðan gildistökudag samrunans og viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans. Einnig skal birta lykilupplýsingar yfirtökusjóðs sbr. b lið 56. gr. sömu laga.

Hlutdeildarskírteini samrunasjóðs og yfirtökusjóðs skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum sjóðsins án annars gjalds en þess sem sjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna. Einnig er hlutdeildarskírteinishöfum heimilt að óska eftir því að skipta hlutdeildarskírteinum sínum í hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfasjóði í rekstri Landsbréfa með sambærilega fjárfestingarstefnu. Þessi innlausnarskylda tekur gildi þegar hlutdeildarskírteinishafar hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um samrunann og gildir þar til fimm virkum dögum fyrir viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans, sbr. 56. gr. c laga nr. 128/2011, með síðari breytingum.

11. grein

Um slit sjóðsins

Stjórn Landsbréfa tekur ákvörðun um slit sjóðsins. Ef stærð sjóðsins fer undir 200 m.kr. er stjórninni heimilt að taka ákvörðun um að slíta sjóðnum, einnig ef markaðsaðstæður eru á þann veg að hagsmunir hlutdeildarskírteina séu best varðir með því að slíta sjóðnum. Komi til slíta sjóðsins verður öllum eignum hans ráðstafað til hlutdeildarskírteinishafa hlutfallslega í samræmi við eign þeirra. Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina um slit sjóðsins. Tilkynningin skal innihalda skilmála slitanna og gildistöku þeirra breytinga.

Ákvörðun um breytingar á reglum þessum skal tekin af stjórn Landsbréfa og öðlast þær ekki gildi fyrir en þær hafa verið staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. Landsbréf skulu tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina um sérhverja breytingu á reglum þessum. Stjórn Landsbréfa getur farið þess á leit að Fjármálaeftirlitið samþykki að veita undanþágu frá tilkynningarskyldu þessari, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, en hafa skal að leiðarljósi að senda allar efnislegar breytingar á reglunum til hlutdeildarskírteinishafa. Reglur þessar skulu vera fjárfestum aðgengilegar að endurgjaldslausu. Ákvæði laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði gilda um önnur atriði en þau, sem fjallað er um í reglum þessum, eftir því sem við getur átt.